



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Ekkert barn má alast upp við ofbeldi

ÁRSSKÝRSLA 2011





Efnisyfirlit

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Þau eiga aðild að Save the Children en að þeim standa 29 landsfélög sem starfa í 120 löndum. Barnaheill - Save the Children voru stofnuð í Bretlandi árið 1919. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með þeim fyrstu til að benda á að það væri réttur barna að alast upp í öryggi og friði. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, með fræðslustarfi, innlendum og erlendum verkefnum og með neyðaraðstoð.

Barnaheill - Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtökin sem starfa í þágu barna. Sýn Barnaheilla - Save the Children er heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur.

Markmið samtakanna er að vekja heiminn til vitundar um stöðu barna og ná fram tafarlausum og ævarandi breytingum í lífi þeirra.

Heimasíða samtakanna á Íslandi er www.barnaheill.is.

Frá formanni og framkvæmdastjóra.....	3
Innlent starf.....	4
Almenn réttindabaráttan.....	5
Barátta gegn ofbeldi á börnum.....	7
Rödd barna.....	9
Fræðsla, forvarnir og kynningarstarf.....	10
Heilbrigðismál.....	12
Innlent samstarf.....	12
Erlent starf.....	14
Neyðaraðstoð.....	14
Norður-Úganda.....	16
EVERY ONE.....	18
Almenn réttindabaráttan.....	19
Erlent samstarf.....	19
Tekjur og gjöld.....	20
Styrktaraðilar.....	21
Barnaheill - Save the Children á Íslandi 2011-2012.....	22
Pakkir.....	23



Helgi Ágústsson
formaður



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Frá formanni og framkvæmdastjóra

Að minnsta kosti 2000 börn á Íslandi eru vitni að ofbeldi á milli foreldra á heimilum sínum. Í rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, um þau félagslegu úrræði sem þessum börnum standa til boða í Reykjavík og kynnt voru í febrúar árið 2011, kom í ljós að stuðningi við þau er verulega ábótavant. Flestir aðilar sem rætt var við virtust líta svo á, að með því að tilkynna um mál til barnaverndar væri tryggt að börnin fengju þann stuðning og öryggi sem þau þyrftu. En í raun og veru er mikið bil á milli þeirra væntinga sem viðmælendur hafa til barnaverndar og þess hvernig barnavernd tekur og getur tekið á málum.

Vernd barna gegn ofbeldi er eitt af höfuðverkefnum Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Ofbeldi brýtur börn niður og rænir þau eðlilegri barnæsku. Fjöldi barna á Íslandi elst því miður upp við líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Þau eru lögð í einelti eða eru vanrækt. Rannsókn samtakanna á heimilisofbeldi gegn börnum, sem studd var af Daphne-áætlun Evrópusambandsins, er þörf áminning fyrir alla þá sem starfa að málefnum barna. Vernd barna gegn ofbeldi er verkefni sem aldrei lýkur.

Börn eru ekki sterkur hagsmunahópur og eiga ekki að vera það. Annað meginhlutverk Barnaheilla - Save the Children á Íslandi er að standa vörð um réttindi barna í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er leiðarljós samtakanna í öllu starfi og aðgerðum. Það hefur reynt töluvert á þetta hlutverk samtakanna á síðastliðnum árum þegar mikils niðurskurðar hefur verið þörf. Samtökin hafa af fremsta megni leitast við að standa vaktina fyrir börn þessa lands og vera leiðandi afl í mannréttindabaráttu þeirra.

Úti í hinum stóra heimi eru einnig börn sem þurfa á vernd og stuðningi að halda. Barnaheill - Save the Children á Íslandi tekur virkan þátt í starfi alþjóðasamtakanna Save the Children og leggur sitt af mörkum til alþjóðlegra verkefna í þágu barna á sviði almennrar réttindabaráttu, menntunar, verndar barna gegn ofbeldi, heilbrigðismála og neyðaraðstoðar. Með framlögum sínum árið 2011, tóku samtökin m.a. þátt í að efla menntun og heilbrigði barna á stríðshrjádum svæðum Norður-Úganda, lína þjáningar fólks af völdum verstu þurrka í 60 ár í Austur-Afríku auk þess að aðstoða hrjád börn og fjölskyldur þeirra í kjölfar náttúruhamfaranna í Japan.

Fyrir hönd Barnaheilla - Save the Children á Íslandi höndum við öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn og gerðu starf samtakanna mögulegt með fjárframlagi, samstarfi og vinnuframlagi. Samtökin byggja allt sitt starf á frjálsum framlögum og því er ekki að leynd að þrengra var um vik á árinu en oft áður. Því hefur hluti af eigin fé samtakanna verið nýttur í verkefni ársins 2011. En staða samtakanna er engu að síður traust og fjáröflun í upphafi árs 2012 gefur fullt tilefni til bjartsýni.

Samtökin Barnaheill - Save the Children á Íslandi munu ótrauð halda áfram að vinna að mikilvægum verkefnum í þágu barna með aðstoð allra velunnara. Við vonum að við getum áfram treyst á stuðning ykkar við að treysta stöðu barna hér heima og erlendis.

Framtíðarverkefni eru mörg og Barnaheill - Save the Children á Íslandi mun sem fyrr vinna ötullega og markvisst að réttinda- og velferðamálum barna.

Með kærri þökk fyrir stuðninginn og samstarfið.

Helgi Ágústsson,
formaður

Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

28. - 29. grein
Börn eiga rétt
á skólagöngu.
Menntunin á
að búa barnið
undir lífið, efla
virðingu þess
fyrir mannréttindum og
ala það upp
í anda skilnings,
friðar og
umburðar
lyndis.



2. grein Jafnræði
— bann við mis-
munun
Öll börn skulu
njóta réttinda Bar-
nasáttmálans án
tillits til kynþáttar,
litarháttar, kynfer-
ðis, tungu, trúar,
stjórnmalaskoðana,
ættarnis, fötlu-
nar, félagslegrar
stöðu eða annarra
aðstæðna þeirra
eða stöðu eða
athafna foreldra
þeirra.

Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru helstu áherslur á að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

Almenn réttindabarátt

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children í öllu starfi. Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi S.þ. þann 20. nóvember 1989 og fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992. Í byrjun árs 2009, samþykkti Alþingi Íslendinga þingsályktunartillögu um að löggesta samninginn á Íslandi. Til þess að svo geti orðið þurfa lög, áætlanir og framkvæmdir í málefnum barna að vera í samræmi við barnasáttmálann. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn eru hópur sem hefur sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáðilum, og að þau þarfist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarra þátta. Öll lönd heimsins, nema Bandaríkin og Sómalía, hafa staðfest sáttmálann. Öllum þeim, sem koma að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum.

Í barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum. Kynning á barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi og almenn þekking á honum

markviss á Íslandi og almenn þekking á honum og réttindum barna þar af leiðandi takmörkuð. Til að bregðast við því hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi, umboðsmaður barna og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna - UNICEF á Íslandi unnið að gerð námsgagnastofnunar. Um er að ræða veggspjöld, bæklinga og námsvefina, barnasáttmáli.is

Starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi fóru víða á árinu 2011 til að kynna barnasáttmálann og réttindi barna, m.a. í skóla, í fyrirtæki og til annarra félagsamtaka.

Lagaumsagnir og ályktanir

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja ríka áherslu á að þau réttindi, sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt á Íslandi. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp er lúta að málefnum barna. Jafnframt eru sendar út ályktanir þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum sínum og ályktunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barninu er fyrir bestu.

Árið 2011 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi inn umsagnir um eftirtalin frumvörp og þingsályktunartillögur:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum. Þingskjal 156 — 156. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni). Þskj. 1374 — 778. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014. Þskj. 788-486 mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum. Þskj. 1290 — 747. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal). Þskj. 1389 — 785. mál. staðgöngumæðrun. Þskj. 376-310 mál.
- Frumvarp til umferðarlaga. Þskj. 814 - 495. mál.
- Tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skárgatið, Þskj. 831 — 508. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.
- Frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.
- Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.
- Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, Þskj. 233 — 211. mál.

Árið 2011 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér eftirfarandi ályktanir:

- Ályktun send til velferðarráðherra vegna gerðar fjárlagagerðar 2012. Barnaheill - Save the Children á Íslandi beindu því til velferðarráðherra að standa vörð um réttindi barna og skerða umfram allt ekki þjónustu við þau og fjölskyldur þeirra á sviði heilbrigðisþjónustu, barnaverndar og velferðarþjónustu.
- Ályktun til innanríkisráðherra vegna fangelsunar barns. Barnaheill - Save the Children á Íslandi beindu því til innanríkisráðherra að samkvæmt 40. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, á barn sem grunað er, ásakað eða fundið sekt um afbrot, rétt á réttlátri málsmeðferð og skulu börn yngri en 18 ára ekki vistuð með fullorðnum afbrotamönnum. Jafnframt áréttuðu samtökin mikilvægi þess að finna úrræði fyrir börn sem hafa náð sakhæfisaldri.
- Ályktun til innanríkisráðherra vegna fangelsunar barns. Barnaheill - Save the Children á Íslandi beindu því til innanríkisráðherra að samkvæmt 40. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, á barn sem grunað er, ásakað eða fundið sekt um afbrot, rétt á réttlátri málsmeðferð og skulu börn yngri en 18 ára ekki vistuð með fullorðnum afbrotamönnum. Jafnframt áréttuðu samtökin mikilvægi þess að finna úrræði fyrir börn sem hafa náð sakhæfisaldri.
- Ályktun send til innanríkisráðherra vegna skýrslu barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Ályktunin var unnin í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands og Barnahjálpar S.þ. – UNICEF á Íslandi í tilefni af úttekt Barnaréttarnefndar S.þ. á stöðu barna á Íslandi og niðurstöðum þeirrar úttektar, þar sem gerðar eru ýmsar athugasemdir við framkvæmd skuldbindinga barnasáttmálans hér á landi.

Í desember 2011 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valfrjálsa bókun um kærufæri vegna brota gegn ákvæðum barnasáttmála S.þ. Slíkt kærufæri styrkir réttindi barna um allan heim og stuðlar að meiri vitund meðal ríkja heims um mikilvægi þess að virða mannréttindi barna og þar með barnasáttmálann. Nær öll lönd heims hafa staðfest sáttmálann en áfram er brotið á réttindum barna dag hvern um allan heim. Utanríkisráðuneytið studdi, að áeggjan Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, við gerð bókunarinnar hjá Mannréttindaráði S.þ.





Úttekt barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna í samræmi við skuggaskýrslu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Barnahjálpar S.þ. – Unicef á Íslandi

Niðurstöður úttektar barnaréttarnefndar S.þ. á stöðu barna á Íslandi með tilliti til ákvæða barnasáttmálans voru kynntar í nóvember 2011. Þær samræmast mjög skuggaskýrslu um sama málefni sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi unnu árið 2010, í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands og Barnahjálpar S.þ. – UNICEF á Íslandi.

Í úttekt barnaréttarnefndar S.þ. eru gerðar ýmsar athugasemdir við framkvæmd skuldbindinga barnasáttmálans hér á landi. Barnasáttmálinn var fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum árið 1992 en enn hefur ekki tekist að binda hann í lög, einkum vegna þess að Ísland uppfyllir ekki 37. grein barnasáttmálans þar sem segir að ungmenni sem brjóta af sér og þurfa að sæta fangelsisrefsingu, eigi að vera aðskilin frá fullorðnum fögum.

Á Íslandi hafa verið gerðar tvær aðgerðaráætlanir, annars vegar um barnavernd og hins vegar um aðgerðir til að bæta stöðu barna og ungmenna. Sú síðarnefnda rann út í lok árs 2011 en enn hefur aðeins lítil hluti þessara áætlana komist til framkvæmdar. Brýnt er að úr því verði bætt, til að bæta og styrkja stöðu allra barna og ungmenna hér á landi. Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Barnahjálpar S.þ. – UNICEF á Íslandi töldu nauðsynlegt að hefja strax vinnu við nýja aðgerðaáætlun og að sú vinna tæki fullt tillit til athugasemda barnaréttarnefndar S.þ.

Samtökin hvöttu yfirvöld einnig til þess að vinna opinbera og tímasetta áfangaáætlun sem tilgreinir hvernig og hvenær skuli hrinda einstökum aðgerðum áður en síðarnefndar aðgerðaráætlunir í framkvæmd. Ekki verður við það búið ár eftir ár, að aðgerðaráætlunum í þessum málaflokki sé ekki fylgt eftir nema að litlum hluta.

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2011. Málín voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengismál, eineltismál, grunur um ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill - Save the Children á Íslandi veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á barnasáttmála og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna.

Árið 2011 hlaut Herdís L. Storgaard viðurkenninguna. Hún hefur um árabíl verið óstöðvandi í baráttu sinni fyrir bættum slysavörnum, ekki síst í þágu barna. Starf hennar hefur einkennst af stöðugri baráttu við að ná eyrum ráðamanna og annarra um mikilvægi slysavarna og staðfesta Herdísar hefur sannarlega skilað árangri. Á síðastliðnum tuttugu árum hefur slysum á börnum fækkað um helming, dauðaslysum á börnum hefur fækkað um 65% á tímabilinu, sem fyrst og fremst má þakka fækkun drukknana hér á landi, og hugsunarháttur er gjörbreyttur. Herdís hefur frá árinu 1991 og til dagsins í dag veitt slysavarnarverkefninu Árvæki forstöðu. Árlega sinnir Herdís ríflega 2000 fyrirspurnum og ábendingum sem til hennar berast. Þó margt hafi áunnist, eru mikilvægt að halda áfram baráttunni fyrir bættu öryggi og slysavörnum í þágu barna.

Herdís L. Storgaard er hjúkrunarfræðingur að mennt og lauk auk þess sérnámi í svæfingarhjúkrun og slysa- og bæklunarhjúkrun. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í Þjóðmenningahúsinu. Helgi Ágústsson, formaður stjórnar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, flutti ávarp auk þess sem Vigdís Finnbogadóttir, verndari samtakanna og fyrrum forseti Íslands, og Herdís ávörpuðu samkomuna. Stefán Sverrisson, nemi í Lindaskóla afhenti viðurkenninguna ásamt Helga. Jóhanna Brynja Ruminy og María Emilía Garðarsdóttir, nemendur frá Tónskála Sigursveins léku á fiölu við undirleik Júlíönu Rúnar Indriáadóttur. Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna stýrði athófninni.

Rósín – minnismarki um börn

Rósín er alþjóðlegt minnismarki óþekkt barnsins. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við samtökin Roses for Children, sem komið hafa upp minnisvörðum víða um heim til að minna á réttindi barna og heiðra minningu þeirra sem látist hafa á barnsaldri. Minnismarkið Rósin er í Laugardalnum í Reykjavík og þangað geta skólar eða aðrir hópar komið til að minnast þeirra sem eiga um sárt að binda eða hugsa til þeirra barna sem búa við erfiðleika eða hafa látist.

Barátta gegn ofbeldi á börnum

Samkvæmt 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn öllu ofbeldi; líkamlegu, andlegu og kynferðislegu sem og gegn vanrækslu. Samkvæmt 34. grein barnasáttmálans eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vándis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir efni sem getur skaðað velferð þeirra. Samkvæmt íslenskum lögum, eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu og gegn líkamlegum refsingum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.

Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skefileg áhrif á börn og allt lífshlaup þeirra. Á Netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt eða þau eru beitt kynferðisofbeldi. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á Netinu. Verkefnið hefur verið styrkt af Safer Internet samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld um að axla ábyrgð í þessum málaflokki hérlendis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt efni á Netinu. Barnaheill - Save the Children á Íslandi er í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra, sem rannsakar ábendingarnar og grípur til viðeigandi ráðstafana. Í október 2011, var tekinn í notkun nýr og endurbættur ábendingahnappur, þar sem hægt er að tilkynna um ólöglegt en jafnframt óviðeigandi efni á Netinu. Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru aðilar að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskylda og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi.

Frá árinu 2001, hafa Barnaheillum - Save the Children á Íslandi borist ríflega 4000 ábendingar í gegnum ábendingahnapp samtakanna.

Þar af eru 34% ábendinganna um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2011 bárust 65 ábendingar og 53 þeirra, eða um 82%, voru ábendingar um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Þetta er mikil fjölgun ábendinga frá árinu áður og flestar komu þær um það leyti sem verið var að kynna nýjan ábendingahnapp. Nokkrar ábendingar voru um íslenskar vefsíður með efni þar sem börn voru sýnd á kynferðislegan hátt eða voru með kynferðislegu tali um börn og unglinga. Síðurnar voru í öllum tilfellum hýstar erlendis en samtökin unnu að því að láta loka þeim.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa síðastliðin ár beitt sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísu á ólöglegu efni á Netinu þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt, þ.e. að lokað verði á aðgang að slíku efni hérlendis. Samtökin hafa í því sambandi fundað með netþjónustuaðilum, Póst- og fjarskiptastofnun, embætti ríkislögreglustjóra og fulltrúum frá innanríkisráðuneytinu og hvatt til breytinga á lögum þannig að síun verði möguleg. Samtökin leggja jafnframt mikla áherslu á að sáttmáli Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegu ofbeldi verði fullgiltur á Íslandi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, inhope.org, sem eru regnhilfasamtök ábendingalína. Ábendingalínun innán INHOPE samtakanna fjölga ár frá ári og nú eru í samtökunum 41 ábendingalína frá 36 löndum. Flestar eru þær í Evrópu en einnig í Ameríku, Ástralíu og Asíu. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er rekin í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi. Hver ábendingalína skráir allar tölulegar upplýsingar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og hvernig miðar í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á netinu. Fjöldi ábendinga til INHOPE-samtakanna eykst ár frá ári. Á árinu 2011 voru ábendingar um 50.000 frá 175 hýsingarlöndum.

Í gagnagrunni Interpol, sem verið hefur í notkun frá árinu 2001, er að finna eina milljón mynda sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum en samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa aðeins um 800 þessara barna fundist og fengið nauðsynlegan stuðning.

19. grein
Vernd
gegn
ofbeldi og
vanrækslu
Börn eiga rétt á vernd
gegn hvers kyns
líkamlegu, andlegu og
kynferðislegu ofbeldi,
misnotkun, skeytin-
garleysi og vanræk-
slu, innan eða utan
heimilis. Stjórnvöld
skulu veita börnum
sem sætt hafa illri
meðferð og fjölskyldum
þeirra viðeigandi
stuðning.



Rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á félagslegum úrræðum fyrir börn í Reykjavík sem eru vitni að heimilisofbeldi

Á árinu 2010 tóku Barnaheill - Save the Children á Íslandi, þátt í rannsókn á félagslegum úrræðum og stuðningi við börn í Reykjavík sem eru vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra. Rannsóknin var styrkt af Daphne-áætlun Evrópusambandsins og unnin í samvinnu við Barnaheill - Save the Children á Spáni og Ítalíu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á málþingi í febrúar 2011 undir yfirskriftinni „Átta ára drengur óskar eftir íbúð“.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að brýn þörf er á endurskoðun á málefnum barna, sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Langtímarannsóknir gefa til kynna að þessum börnum er hættara við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál, s.s. þunglyndi, kvíða, sektarkennd, misnotkun áfengis og vímuefna. Samkvæmt tölum, sem bárust frá Íslandi í rannsóknina, verða a.m.k. 2000 börn á ári hverju vitni að heimilisofbeldi (2,5% íslenskra barna). Ekki er óvarlegt að álykta að börnin séu enn fleiri því heimilisofbeldi er oftast en ekki eitt besta geymda leyndarmál fjölskyldu.

Það er afar brýnt að koma á heildstæðri stefnu í málum barna sem eru vitni að heimilisofbeldi, með viðeigandi skimun, úrræðum, formlegu

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Barnaheill - Save the Children á Íslandi tóku þátt í árlegu 16 daga átaki félagasamtaka og stofnana gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember og desember. Árið 2011 var yfirskriftin Heimilisfriður- heimsfriður. Framlag samtakanna til

Evrópusamstarf

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópusamtökum Barnaheilla - Save the Children. Evrópusamtökin vinna að vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda og barna sem eru fórnarlömb mansals.

Evrópusamtök Barnaheilla - Save the Children hafa m.a. beitt sér fyrir því að sett verði í lög í aðildarríkjum ESB og EES að bannað sé að beita börn líkamlegum refsingum, en Ísland er eitt af 32 löndum í heiminum sem hafa lögfest slíkt bann.

Samtökin beita sér einnig fyrir því, m.a. í gegnum lagaumsagnir, að sett séu sérstök viðmið um vegalaus börn og börn sem verða fórnarlömb mansals sem og að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu. Á hverju

samstarfi og samhæfingu á milli stofnana, þ.zá m. lögreglu, barnaverndar, félagsþjónustu, skólakerfis, dómskerfis og heilbrigðisþjónustu. Barnaheill - Save the Children á Íslandi fylgdu eftir niðurstöðum skýrslunnar með fundum með ráðamönnum ýmissa stofnana.

Þegar eru ýmis teikn á lofti um að aukin vitund sé um mikilvægi málsins, t.a.m. hefur Barnaverndarstofa nýlega sett á fót starfshóp sem skipaður er aðilum frá barnavernd og lögreglu. Starfsmenn barnaverndar fara nú alltaf með lögreglu á vettvang í slíkum málum en áður gerðst það einvörðungu í 1% tilfella. Sömu leiðis er Barnaverndarstofa að kanna möguleika á stækkun Barnahúss með það fyrir augum að bjóða þar upp á áfallameðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi. Þá hefur Kvennaathvarfið ákveðið að taka til endurskoðunar vinnulag sitt þegar kemur að stuðningi við börn þeirra mæðra sem til athvarfsins leita. Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur til skoðunar hvernig hægt sé að styrkja löggjöf á þessu sviði og dómstólaráð hefur hug á að efla fræðslu meðal dómara um málefni barna sem búa við heimilisofbeldi.

átaksins var grein sem birtist í Fréttablaðinu og á www.visir.is undir yfirskriftinni Heimilisfriður. Greinin fjallaði um mikilvægi þess að veita þeim börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi stuðning.

ári eru þúsundir barna vegalaus í Evrópu og hluti þeirra er fórnarlömb mansals, ýmist á milli landa eða innan landa. Barnaheill - Save the Children leggja áherslu á að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu í málefnum vegalausra barna og barna sem eru fórnarlömb mansals, og að staða barnsins sem innflytjanda sé aukaatriði. Tryggja verður að börnin fái áfallahjálp og aðhlyningu og fái strax aðgang að allri þjónustu, þ.e. félags- og heilbrigðisþjónustu og menntun. Börn þurfa að fá sérstakan tilsjónarmann á meðan að málefni þeirra eru til athugunar og barn skal aldrei senda til heimalands nema tryggja aðstæður bíði þeirra. Mikilvægt er að finna fjölskyldu barnsins án þess að stefna barninu eða fjölskyldu þess í hættu. Á árinu 2011 tóku Barnaheill - Save the Children á Íslandi þátt í rannsókn á stöðu vegalausra barna á vegum European Council on Refugees and Exiles (ECRE).

Rödd barna

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Vefur Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, heyrumst.is, starf ungmennaráðs og samstarf við skóla er liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

Heyrumst.is

Heyrumst.is er gagnvirkur vefur þar sem börn og unglingar undir 18 ára aldri geta leitað upplýsinga, ráðgjafar og stuðnings. Sérþjálfari sjálfboðaliðar sjá um ráðgjöfina, undir handleiðslu starfsmanna Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Vefurinn var opnaður í október 2009 og er á íslensku, ensku og pólsku svo ná megi til sem flestra ungmenna á Íslandi. Flestar fyrirspurnir sem borist hafa eru á íslensku. Meirihluti þeirra tengist vinamálum en einnig fjölskylduáðstæðum, heilsu, líðan og samskiptum kynjanna. Vefurinn hefur verið kynntur víða og veggspjöld um vefinn verið send til grunnskóla víða um land í gegnum fræðsluskrifstofur.

Ungmennaráð Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára sem vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglunga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt samtökunum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfrá.

Á árinu 2011 var Anna Elísabet Ólafsdóttir ráðin sem sjálfboðaliði til að sjá um ungmennaráðið og vera tengiliður ráðsins við starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Hún fór ásamt þremur fulltrúum ráðsins á ráðstefnu ungmennaráða Save the Children í Rúmeníu í júlí 2011. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar ungmennaráða víða að úr Evrópu. Ungmennaráðið tók þátt í ýmsum viðburðum á vegum samtakanna.

Samstarf við skóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að rödd barna fái að heyrast í íslensku samfélagi og leitast því við að eiga samstarf við grunnskóla í hinum ýmsu verkefnum sínum. Jafnframt eiga samtökin samstarf við nokkra framhaldsskóla og háskóla.

Samstarf við grunnskóla

Undanfarin ár hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi átt í samstarfi við við Snælandsskóla, Austurbæjarskóla og Laugarnesskóla. Nemendur skólanna undir handleiðslu kennara sinna hafa unnið að ýmsum verkefnum í samstarfi við Barnaheill - Save the Children á Íslandi.

Nemendur í 8. bekk Snælandsskóla unnu verkefni í tenglum við rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu samtakanna um niðurstöður rannsóknarinnar í febrúar 2011. Jafnframt teiknuðu nemendur í 1. bekk skólans myndir sem notaðar voru í skýrslu samtakanna um áður nefnda rannsókn.

Nemendur í Austurbæjarskóla voru í rýnihóp í tengslum við rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um félagsleg úrræði fyrir börn í Reykjavík sem eru vitni að heimilisofbeldi. Nemendur í 10. bekk skólans unnu einnig verkefni, í tengslum við rannsóknina og kynntu það á ráðstefnu samtakanna um málefnið í febrúar 2011.

Samstarf við Laugarnesskóla tengist verkefni Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um Rósina eða Roses for Children. Rósin er alþjóðlegt minnismerki óþekkt barnsins og hafa nemendur í 4. bekk skólans tekið Rósina í föstur.

Samstarf við framhaldsskóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa á undanföllum árum verið í samstarfi við ýmsa framhaldsskóla. Samtökin hafa farið með fræðsluerindi í skólana um starf samtakanna og réttindi barna og nemendur hafa verið með fjárflyunarverkefni fyrir samtökin. Á árinu 2011 var samstarf við þrjá menntaskóla. Fjárflyunarhópar innan menntaskólanna á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði gengu til liðs við Barnaheill - Save the Children á Íslandi og söfnuðu heillavinum og frjálsum framlögum í sveitarfélögunum.

Samstarf við háskóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst um nemendur sem koma í starfsnám til samtakanna. Nemendur úr skólunum eru í starfsnámi hjá samtökunum í ákveðinn tíma og vinna sérstök verkefni, undir handleiðslu starfsmanna Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Samtökin þakka þessum nemendum samstarfið og framlag þeirra til samtakanna og málefna barna.



1. grein
Hugtakið barn
Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimalands þess segi annað.

Fræðsla, forvarnir og kynningarstarf

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum. Samtökin eru reglulegir þátttakendur í ABC-skólanum auk þess sem fjöldi nema í framhaldsskólum og háskólum leituðu upplýsinga um starf Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á árinu. Þá fengu kennarar frá grunnskólum og leikskólum fræðslu um starf samtakanna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar eru jafnframt birtar á heimasíðu samtakanna og á síðu þeirra á samfélagsmiðlinum Facebook.



Náum áttum

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka þátt í starfi Náum áttum hópsins, naumattum.is. Um er að ræða samstarfshóp aðila sem vinna að málefnum barna og stendur hópurinn reglulega fyrir fræðslufundum. Meðal þess sem rætt var á fræðslufundum á árinu 2011 voru forvarnir, forvarnarstarf og gildi þess, velferð barna og streitu og kvíði barna.

Fræðsluefni

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla - Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna.

Fræðsluefurnin, www.vernduborn.is, er vefur þar sem eru upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru upplýsingar um það hvert hægt er að leita ef grunur vaknar um ofbeldi gegn börnum.

Þetta er líkaminn minn er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Á árinu 2010 fóru um 1400 bækur til barna víða um land. Þróunarstofa heilsugæslunnar fékk leyfi samtakanna til að nota myndirnar úr bókinni í sérstakt hefti á vegum heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er hluti af forvarnastarfi heilsugæslunnar um vernd barna gegn kynferðis ofbeldi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi gefa einnig út veggspjald þar sem vakinn er athygli á slyshættum í umhverfi barna. Heilsugæslustöðvar sjá um dreifingu á veggspjaldinu og á árinu 2011 voru send 500 veggspjöld til barna um allt land.

Samtökin, í samvinnu við umboðsmann barna, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna - UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun, halda úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála S.þ. til notkunar í grunnskólum og víðar. Námsvefurnin, www.barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins, en hentar einnig börnum og fullorðnum til almennrar notkunar. Fyrsti hluti vefsins var opnaður í nóvember 2009 en þar eru verkefni sem henta börnum á yngsta stigi grunnskóla. Í byrjun árs 2012 var annar hluti vefsins opnaður, en sá hluti er einkum ætlaður til notkunar á miðstigi grunnskóla. Á árinu 2012 verður unnið að endurbótum á vefnum. Forsætisráðuneytið styrkir verkefnið.

Hjálparlínan Netsvar, netsvar.is, er fræðsluefurn um Netíð og örugga netnotkun. Jafnframt er hægt að senda inn fyrirspurnir um hvað eina sem tengist því. Vefurinn er samstarfsverkefni Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, Heimilis og skóla og embættis landlæknis (áður Lýðheilsustöðvar) undir merkjum SAFT.

Dagur barnsins

Barnaheill - Save the Children á Íslandi ýttu árlegu heilvinaátaki sínu úr vör á Degi barnsins í maí 2011 en skv. ákvörðun ríkisstjórnar frá árinu 2007, er dagur barnsins haldinn hátíðlegur síðasta sunnudag í maí. Eft var til samstarfs við börn á öllum skólastigum, heilsugæslustöðvar og Barnaspítala Hringins og voru uppákomur víða á höfuðborgarsvæðinu og út um land. Þeim var ætlað minna á stöðu barna hér á landi og erlendis með myndrænum hætti.

Rauðar blöðrur voru í forgrunni á Degi barnsins. Fjölmargir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í uppákomunum og minntust barna sem eiga um sárt að binda. Á Barnaspítala Hringins og heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og út um land fengu börn, sem þangað komu, rauða blöðru að gjöf auk þess sem Gerður Kristný, rithöfundur og skáld, heimsótti börn á Barnaspítala Hringins. Börn háskólanema og Stúdentaráð Háskóla Íslands tóku höndum saman og veltu fyrir sér gildi menntunar en enn eru 69 milljónir barna í heiminum sem ekki njóta þessara mannréttinda. Grunnskólanemar fræddust um réttindi sín í ratleik um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í miðborg Reykjavíkur og SÍF, Samband íslenskra framhaldsskólanema, og Sérsveit Hins hússins minntust með áhrifaríkum hætti þeirra barna sem aldrei ná að fagna fimm ára afmæli sínu. Þingmenn á alþingi Íslendinga gerðu hlé á störfum sínum og stíga út á Austurvöll til að fylgjast með uppákomunni en í lok hennar voru þeir hvattir til að leggja sitt af mörkum til að þúsaldarmarkmið S.þ. um að dregið verði úr ungbarnadauða um tvo þriðju nái fram að ganga fyrir árið 2015.

SAMAN-hópurinn

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eiga aðild að SAMAN-hópnum, samanhopurinn.is. Hópurinn er samstarfsvettvangur félagsamtaka og stofnana sem láta sig velferð barna varða. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki þeirra. SAMAN-hópurinn leggur áherslu á samveru foreldra og barna á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin. Að verja tíma saman skilar árangri og rannsóknir hafa einnig sýnt að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Það sama hefur komið fram í máli foreldra sem tekið hafa þátt í könnunum.

31. grein
Hvöld og
tómstundir
Börn eiga rétt á
hvöld,
tómsundum,
leikjum og
skemmtunum
sem hæfa aldri
þeirra og til
frjálsrar þátttöku
í menningarlífi
og listum.

24. grein Heilsuvernd barna Börn eiga rétt á njóta besta mögulegs

Heilbrigðismál

Samtökin eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur umsjón með notkun þeirra. Íbúðirnar eru á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Á árinu 2011 voru 248 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er 68% nýting og 245 dvalardagar á Rauðarárstíg, sem er um 67% nýting. Stöðug aukning hefur verið á nýtingu íbúðanna síðustu ár og jókst nýtingin frá árinu 2010 um 30 %.



heilsufars sem hægt er að tryggja, s.s. með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að draga úr barnadauða, berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, stuðla að fræðslu um heilbriggt líferni og reyna að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilsu barna. Barnshafandi konur og mæður ungbarna eiga rétt á heilsugæslu.

Innlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga í viðtæku samstarfi hérlendis við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagsamtök sem vinna að málefnum barna eins og fram hefur komið í skýrslu þessari.

Samtökin taka þátt í starfi barnahóps Velferðarvaktar félagsmálaráðuneytis. Verkefni hópsins er að kortleggja stöðu barna hér á landi í kjölfar efnahagshruns og koma með tillögum að úrbótum.

Í janúar 2011 stóðu Barnaheill - Save the Children á Íslandi fyrir Afríkudögum í samstarfi við samtökin Afríka 20:20. Markmiðið með þeim var að vekja athygli á málefnum Afríku og afla fjár til stuðnings menntunarverkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í Pader-héraði í Norður-Úganda. Á Afríkudögum voru m.a. haldnar tvær málstofur um málefni Afríku, uppboð var á ljósmyndum eftir Pál Stefánsson til styrktar samtökunum, nemendur úr Snælandsskóla í Kópavogi reyndu að setja sig í spor barna í Afríku með margvíslegum hætti og börn í 6. flokki knattspyrnu hjá Breiðabliki bjuggu hvert og eitt til sinn fótbolta sem þau svo spiluðu með án hefðbundins skóbúnaðar. Jafnframt gaf Breiðablik íþróttafatnað sem sendur var til Gíneu-Bissá.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga samstarf við önnur íslensk manndóarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenski þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálp, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna – UNICEF á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniðsfélaga (SÍK), SOS-barnahópur, og UN Woman.

Í september 2011, stóðu samtökin öll í samstarfi við Þróunarsamvinnustofnun fyrir kynningarátakinu „Þróunarsamvinna ber ávöxt“ en markmið þess var að kynna þróunarsamvinnu og árangur hennar fyrir almenningi á Íslandi. Eplum í taupokum var dreift á fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og með þeim fylgdu upplýsingar um þann árangur sem náðst hefur með þróunarsamvinnu á síðustu árum. Félagasamtök í Úganda voru fengin til að sauma pokana utan um eplin og var saumaskapur þeirra í raun sjálfstætt þróunarverkefni.

Save the Children og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Samtökin Save the Children voru stofnuð í Bretlandi í maí árið 1919 af Eglantyne Jebb og systur hennar Doroty Buxton og voru ein fyrstu mannréttindarsamtök heims. Þann 6. janúar 1920 voru svo stofnuð í Genf alþjóðleg samtök; International Save the Children Union. Upphaflegt markmið samtakanna var að afla fjár til að stemma stigu við skelfilegri stöðu barna í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, einkum í borgum Evrópu, t.a.m. í Berlín og Vín þar sem börn bjuggu við hungur og berkjar og beinkróm voru útbreiddir sjúkdómar. Samtökin lögðu frá upphafi áherslu á að öll börn ættu rétt á vernd og aðstoð óháð stöðu þeirra eða uppruna eða stöðu eða uppruna foreldra þeirra. Árið 1921 hélt Eglantyne Jebb á fund International Union í Genf í Sviss með tillögu að sáttmála fyrir börn. Hann átti að tryggja börnum alþjóðlega viðurkenningu á sérstöðu þeirra og réttindum og byggði á stefnuyfirlýsingu þeirri sem Eglantyne hafði ritað fyrir Barnaheill - Save the Children. Niðurstaðan varð hin svokallaða Genfaryfirlýsingin Þjóðabandalagsins frá árinu 1924 en í henni var að finna ýmsar grundvallarreglur um vernd og umönnun barna.

Í kjölfar þeirra grófu mannréttindabrota, sem börn urðu fyrir í seinni heimstyrjöldinni, jókst umræðan um nauðsyn þess að tryggja börnum aukna vernd. Sérstök yfirlýsing um réttindi barnsins var samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1959 sem byggir um margt á yfirlýsingu Þjóðabandalagsins. Hvorki Genfaryfirlýsingin né yfirlýsing S.þ. um réttindi barnsins voru formlega bindandi að þjóðarrétti.

Flest ríki voru sammála um nauðsyn þess að þróa réttindi barna á alþjóðlegum vettvangi enn frekar og veita börnum viðtækari vernd. Því var hafist handa við að undirbúa sérstakan þjóðréttarsamning um réttindi barna árið 1979, en það ár hafði formlega verið útnefnt ár barnsins. Samningur S.þ. um réttindi barna, eða barnasáttmálinn eins og hann er oftast nefndur í daglegu tali, var lagður fyrir allsherjarþing S.þ., fullbúinn til undirritunar og fullgildingar, þann 20. nóvember árið 1989. Öll lönd heims, nema Bandaríkin og Sómalía, hafa staðfest samninginn.

Á sumarmánuðum árið 1988 ákvað fagfólk á Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans að tímabært væri að stofna til félagskappar sem hefði það að meginmarkmiði að auka rétt barna í samfélaginu. „Rádda barnen“ í Svíþjóð var höfð til fyrirmyndar við skipulag samtakanna og frá upphafi var Vigdís Finnbogadóttir, þá forseti Íslands, virkur þátttakandi í undirbúningsstarfinu.

24. október 1989 var stofnfundur samtakanna og var Vigdís meðal gesta. Hún var að eigin ósk skráð sem stofnfélagi númer eitt og síðar gerðist hún opinber verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Nafnið Barnaheill er m.a. komið úr smíðu hennar, Höllu Þorbjörnsdóttur og Ernu Þorleifsdóttur. Það er óumdeilt að stuðningur Vigdísar hefur í gegnum tíðina verið ómetanlegur fyrir samtökin. Með þátttöku sinni í ótal viðburðum á vegum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, sendir Vigdís Finnbogadóttir skýr skilaboð um að börnin séu framtíðin og að það sé á ábyrgð okkar allra að búa þeim betri heim.

Það má segja að saga Barnaheilla - Save the Children sé samofin sögu mannréttinda barna og barnasáttmála S.þ. Í dag eru aðildarfélögin 29 og starfa þau í 120 löndum. Barnasáttmálinn er nú sem endranær leiðarljós samtakanna og verkefni þeirra um heim allan miða að því að uppfylla ákvæði sáttmálans og tryggja börnum rétt sinn.



37. grein
Frelsisvipting, ill
meðferð og refsingar
Börn sem svipt eru
frelsi sínu eiga rétt á
mannúðlegri meðferð,
lögfræðilegri og/eða
annarri aðstoð til að
fá mál sitt

Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í erlendum verkefnum eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi og heilbrigðismál í gegnum neyðaraðstoð. Samkvæmt 28. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. greininni er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein barnasáttmálans eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

Neyðaraðstoð

Neyðaraðstoð er ein af meginstöðum alþjóðlegs starfs Barnaheilla - Save the Children. Alþjóðasamtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í um 120 löndum, eru þau oftast ekki til staðar á svæðum þar sem hamfarir verða og geta því brugðist fljótt við neyð í viðkomandi löndum. Í hjálparstarfinu gæta Barnaheill – Save the Children sérstaklega að velferð barna en börn þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin

leggja áherslu á að grunnmenntun barna verði hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand hefur ríkt í langan tíma.

Barnaheill - Save the Children veittu neyðaraðstoð í mörgum löndum vegna náttúruhamfara og stríðsátaka árið 2011. Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu hjálparstarf alþjóðasamtakanna í Japan og Austur-Afríku, nánar tiltekið Sómalíu.



Japan

Jarðskjálfti að stærðargráðunni 9 á Richter reið yfir strandhéruð Japan 11. mars 2011. Þetta er fimmti stærsti jarðskjálfti í heiminum frá árinu 1900 og sá stærsti í sögu í Japan. Flóðbylgjan, sem fylgdi í kjölfarið, olli gríðarlegri eyðileggingu. Þessar hamfarir eru með þeim verstu sem Japan hefur þurft að takast á við. Þá vofði yfir hættu vegna eyðileggingar í kjarnorkuverum á svæðinu. Flytja þurfti mikinn mannfjölda burt af svæðum í grennd við kjarnorkuverin og ríkisstjórn Japans lýsti yfir kjarnorkuneyðarástandi (e. atomic power emergency).

15845 létu lífið í jarðskjálftanum og flóðbylgjunni, þar af 727 börn. Heilu strandbæirnir voru rústir einar og gríðarlegur mannfjöldi, 387 þúsund manna, lenti á vergangi, þar af fjöldi barna. Aðstæður voru gríðarlega erfiðar þar sem hitastig var undir frostmarki um næturnar. Komið var á fót fjöldahjálparstöðvum en víða skorti vatn og rafmagn til hitunar. Þá var fjöldi fólks fluttur á brott frá heimilum sínum vegna hættu á geislavirkni. Í janúar 2012, þjuggu enn 337819 manns í bráðabirgðaskýlum.

Barnaheill – Save the Children veittu neyðaraðstoð á þeim svæðum sem verst urðu úti en samhliða hófst langtímaverkefni uppbyggingar á svæðinu. Á árinu, hafa samtökin unnið með yfirvöldum og nærsamfélaginu að því að greina hvar skórin kreppir og veita stuðning svo börn geti sem fyrst snúið aftur til hversdagslegs lífs. Í Fukushima, hafa rannsakendur samtakanna rætt við börn og fjölskyldur þeirra til að afla upplýsinga um þær aðstæður sem börn búa við í dag og hvaða spurningar bærast með þeim varðandi framtíð þeirra. Menntun, barnavernd og þátttaka barna er stór hluti af starfi Barnaheilla – Save the Children í Japan.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu um 1,1 milljón króna til hjálparstarfsins í Japan á árinu 2011 sem var framlag einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi.



Sómalía

Rigningar brugðust í Austur-Afríku, á svæðum í Sómalíu, Keníu og Eþíópíu, með þeim afleiðingum að þar urðu mestu þurrkar í 60 ár. Þurrkarnir leiddu til verulegs skorts á vatni, uppskerubrests og dauða búfánaðar. Þúsundir fjölskyldna misstu þannig lífibrauð sitt og matarbirgðir. Matvæla og vatnsverð hækkaði upp úr öllu valdi; um 240% í Sómalíu, 117% í Eþíópíu og 58% í Keníu.

Áætlað er að um 12 milljónir manna hafi þurft á neyðaraðstoð að halda í löndunum þremur út árið 2011; um 4,5 milljónir í Eþíópíu, 3,5 milljónir í Keníu og 4 milljónir í Sómalíu. Á síðastliðnum áratug, hafa verið þrjú þurrkatímabil á þessum svæðum og litlar rigningar verið í 6 ár. Þanþol fjölskyldna var því lítið og í Sómalíu hafa verið átök í áratugi. Sameinuðu þjóðirnar lýstu yfir hungursneyð í Suður – Sómalíu í júlí 2011 og á þeim svæðum þar sem ástandið er verst, þjáist meira en helmingur barnanna af alvarlegri vannæringu. Í Sómalíu þurfti einn af hverjum þremur íbúum á neyðaraðstoð að halda.

Barnaheill – Save the Children höfðu fylgst með versnandi aðstæðum í löndunum þremur og gátu því gripið inn í fyrr en ella hefði verið og veitt nauðstöddum börnum og fjölskyldum aðstoð. Markmið samtakanna var að aðstoða samtals tvær milljónir barna og fullorðinna á þeim svæðum sem verst urðu úti vegna þurrkanna. Aðstoðin fólst í því að dreifa matvælum, að veita aðgang að hreinu vatni, hreinlætisaðstöðu og heilsugæslu, að meðhöndla vannærð börn og bæta næringarástand barna og fjölskyldna þeirra, að aðstoða fjölskyldur við framfærslu og að koma undir sig fótum að nýju og að veita börnum í flóttamannabúðum öryggi og aðgang að menntun. Barnaheill – Save the Children eru ein af fáum hjálparstökum sem enn eru starfandi í Sómalíu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu 4,5 milljónir króna til hjálparstarfsins í Sómalíu á árinu 2010. Styrkur frá utanríkisráðuneytinu nam 3,5 m.kr. en 1 m.kr. kom frá einstaklingum og fyrirtækjum.

meðferð eða refsingu. Ekki skal dæma börn til dauða eða í lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn. Börn í fangelsum eða sambærilegum stofnunum eiga rétt á að halda sambandi við fjölskyldur sínar.

28. grein Menntun Börn eiga rétt á grunn- menntun án en- durgjalds og skulu eiga kost á framhalds-

Norður-Úganda

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu rúmar 18 milljónir króna í menntunarverkefni Barnaheilla - Save the Children í Pader- og Agoge-héruðum í Norður-Úganda á árinu 2011. Samtökin fengu styrk frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 13,3 m.kr. Frá árinu 2007 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi lagt samtals 71,2 milljónir króna til menntunarverkefnis í Norður-Úganda.

Fyrir fjármagnið hafa verið byggðir skólar og kennarabústaðir með allri nauðsynlegri aðstöðu. Haldin hafa verið þjálfunarnámskeið fyrir kennara og skólayfirvöld og haldnir fræðslufundir með skólafólki, foreldrum og fleirum um réttindi barna. Sömuleiðis hafa verið námskeið fyrir börn til að fræða þau um réttindi sín og virkja þau til að taka þátt í skólastarfi og uppbyggingu samfélagsins. Kennarar, foreldrar og börn hafa fengið fræðslu um heilsuvernd og varnir gegn sjúkdómum, þ.á m. alnæmi. Námsgögnum hefur verið dreift til fjölda barna og þátttaka foreldra í skólastarfi verið eflað.

Verkefnið, sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja í Pader- og Agoge-héruðum fram til ársins 2013, miðar að því að auka skólaaögang, bæta gæði menntunar, auka heilbrigði og auka vernd ríflega 30 þúsunda barna í héruðunum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna sem ekki eru í skóla, og þá sérstaklega til stúlkna, að bæta kennsluaðferðir og kennsluumhverfi, að styðja menntayfirvöld í því að efla menntun og vernda börn gegn ofbeldi og misnotkun. Á árinu 2011, hófst einnig vinna við að tryggja að nemendur í skólum sem samtökin styrkja, fengju skólamáltíðir. Mörg barnanna þurfa að fara um langan veg til að sækja skóla og þurfa því að leggja af stað snemma á morgnanna áður en morgunmatur er tilbúinn. Vegna vegalengda komast þau ekki heim í hádeginu svo fyrsta, og eina máltíð margra þeirra á degi hverjum, er kvöldmatur. Þó að skólayfirvöld leggi áherslu á við foreldra að börn taki með sér nesti í skóla hefur stór hluti fjölskyldna ekki efni á því. Því eru skólamáltíðir sérlega mikilvægar fyrir börnin og fjölskyldur þeirra, sem eru að fóta sig í lífinu að nýju eftir stríðsátök og dvöl í flóttamannabúðum.

Unnið er að því að koma á sjálfbæru kerfi þar sem t.d. er hægt að rækta mat á skólalóðum enda eru ræktunarskilyrði góð. Skólamáltíðir bæta tvímælalaust heilsu barnanna og árangur þeirra í námi og eiga þátt í að minnka brottfall úr skólum, en brottfall stúlkna úr skóla í Norður-Úganda er 83% og 57% hjá drengjum.

Stríðsátökin í Norður-Úganda, sem stóðu í 20 ár og lauk árið 2008, leiddu til algjörs hruns og eyðileggingar á innviðum samfélagsins. Fjöldi skóla, heilsugæslustöðva og vega voru eyðilögð. Tugir þúsunda manna flúðu heimili sín vegna

völlum í flóttamannabúðum. Eftir að öryggi á svæðinu jókst, hafa flóttamenn snúið til baka til heimkynna sinna og eru Barnaheill - Save the Children í Úganda á meðal þeirra samtaka sem hafa unnið með stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum að því að aðstoða fólk við að snúa til baka. Stuðningurinn felst m.a. í uppbyggingu menntunar og heilsugæslu, í öryggi og vernd barna, í tryggu lífibrauðs fjölskyldna og efna-hagslegri uppbyggingu.

Þar sem félagslegt net og viðmið eru hrunin, eiga stúlkur það mjög á hættu á að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og misnotkun. Heimilisofbeldi er einnig útbreitt. A.m.k. 32% kvenna í Norður-Úganda hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, þar á meðal í skólanum. Meirihluti þeirra varð fyrir ofbeldinu strax á barnsaldri. Barnaheill – Save the Children í Úganda leggja áherslu á aðgerðir til að bæta öryggi og vernd barna í skólum og til að auka gæði menntunar. Skortur á heilbrigðisþjónustu í skólum og skortur á salernum og hreinlætisaðstöðu er mjög erfiður fyrir börnin, ekki síst stúlkur. Komið hefur í ljós að margar stúlkur hætta í skóla vegna skorts á hreinlætisaðstöðu, slæmrar heilsu, ótímabærrar þungunar, hættulegra fóstureyðinga og annarra félagslegra vandamála. Skólabörn þjást mörg af sjúkdómum sem eru tilkomnir vegna skorts á hreinlæti, s.s.húðsjúkdómum, niðurgangi og malaríu. Aðgangur að heilsugæslu er víða mjög takmarkaður og um 60% íbúanna þurfa að fara lengra en fimm kílómetra leið á næstu heilsugæslu. Þetta hefur áhrif á heilsu barna og ungs fólks.

Þó endurkoma flóttafólks til heimkynna þeirra sé mikilvægt skref fyrir fólk sem búið hefur lengi við átök, allsleysi og öðryggi, þá eru öryggi og vernd ennþá stórmál fyrir margna einstaklinga og fjölskyldur. Mikið verk er óunnið á því sviði. Munaðarlaus börn og heimili, þar sem börn eru í forsvari, eru sérlega berskjölduð. Eins og sjá má eru verkefni óþrjótandi, þó margt hafi áunnist. Barnaheill – Save the Children á Íslandi ætla sér að halda áfram að leggja sitt af mörkum, með stuðningi velunnara samtakanna, til loka verkefnisins í mars 2013.



menntun og upplýsingum og ráðgjöf um nám og störf. Aðildarríkjum ber að koma á skólaskyldu, gera ráðstafanir sem stuðla að reglulegri skólasókn og reyna að draga úr brottfalli nemenda. Agi í skólum skal samrýmast mannlegri reisn barnsins



EVERY ONE

EVERY ONE er alþjóðlegt átak Barnaheilla – Save the Children til að bjarga milljónum barnslífa. Fyrir rúmri öld, var komið í veg fyrir dauðsföll barna, af völdum auðlæknalegra sjúkdóma á borð við lungnabólgu og niðurgang, í ríkari löndum heims. Með sameiginlegu átaki, má gera slíkt hið sama í fátækari löndum heimsins. 24 þúsund börn undir fimm ára aldri munu deyja í dag. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir flest þeirra dauðsfalla. En því miður er raunveruleikinn sá að öll börn hafa ekki jöfn tækifæri til lífs. Börn frá fátækustu og fjarlægustu stöðum heims eru líklegust til að deyja.

Lungnabólga, mislingar, niðurgangur, malaría, HIV-smit, eyðni og vandamál á meðgöngu og í fæðingu valda ríflega 90% þeirra dauðsfalla sem verða á meðal barna undir fimm ára aldri. Börn sem eru vannærð eru mun líklegri til að deyja úr þessum sjúkdómum þar sem mótstaða þeirra er lítil. Aðrar ástæður leika hér einnig stórt hlutverk, s.s. skortur á heilbrigðisþjónustu eða erfiðleikar mæðra og barna til að nálgast heilbrigðisþjónustu, skortur á hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, skortur á næringarríku fæði, mæðravernd, uppbyggingu og eflingu meðal kvenna og lítill aðgangur að getnaðarvörnum. Allt þetta gerir það að verkum að sum börn eru líklegri til að verða lífshættulegum sjúkdómum að bráð og vegna bágra aðstæðna eru líkurnar á því að þau nái sér af sjúkdómunum einnig minni.

Það eru til einfaldar og óýrur lausnir sem hafa verið reyndar sem koma í veg fyrir að börn deyji. En þeim er ekki til að dreifa í þeim mæli sem þarf til að árangur náist. Og það sem mestu máli skiptir er að þessi dauðsföll eru ekki tilfallandi og utan þess sem ráðið verður við. Þau eru þvert á móti afleiðing stefnu og pólitískra ákvarðana sem yfirvöld hafa tekið. Þá hafa menning, efnahagur, umhverfi, stjórnmál og félagslegir þættir, sem stjórnvöld, alþjóðlegar stofnanir, einkageirinn og þriðji geirinn geta mótað eða dregið úr, áhrif. Það verður að takast á við þessa undirliggjandi þætti; fátækt, mismunur, átök og brot á mannréttindum, svo tryggja megi jafnan rétt barna að hágæða heilbrigðisþjónustu. Það þarf skýran vilja frá stjórnmalamönnum, almenningi, hjálparstofnunum og fyrirtækjum svo þetta megi verða að veruleika.

Vestrænar ríkisstjórnir verða að tvöfalda framlög sín til grunnheilsugæslu og í baráttunni við vannæringu í þróunarlöndunum. En þróunarlöndin verða einnig að leggja sitt af mörkum, með því að móta stefnu í því hvernig takast eigi á við barnadauða. Það verður að beina kröftunum að því að bæta heilsu og næringu mæðra og hjálpa hverju barni að lifa af.

Í mars 2011, sótti fulltrúi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fund alþjóðaskrifstofu samtakanna með fulltrúum allra landssamtaka, sem starfa að EVERY ONE áttakinu, í Nýju-Dehlí á Indlandi.

Almenn réttindabarátt

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í þágu barna er málsvarahlutverk. Eins og áður hefur komið fram leggja samtökin áherslu á að þau réttindi, sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt. Samtökin senda reglulega ályktanir og/eða ábendingar til yfirvalda ef þau telja að verið sé að brjóta á réttindum barna, hér á landi sem erlendis.

Erlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna náið með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Starfsmenn samtakanna eru í miklum samskiptum við starfsmenn alþjóðaskrifstofu, sem staðsett er í London. Starfsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi eru einnig í miklum samskiptum við þá sem stýra verkefnum sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja. Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 29 til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2011 var haldinn í Róm á Ítalíu í maí. Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri og Helgi Ágústsson, formaður stjórnar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi sóttu fundinn.

Eftirtaldir ályktanir voru sendar á árinu 2011:

- Ályktun send utanríkisráðherra og þingheimi vegna stöðu barna í Líbíu.
- Skýrsla Barnaheilla - Save the Children, State of the World's Mothers 2011, um stöðu mæðra í heiminum, var send öllum ráðherrum og þingmönnum. Þetta er í þrettánda sinn sem skýrslan kemur út.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við Evrópusamtök Barnaheilla - Save the Children en aðild að þeim eiga einnig systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi og Hollandi, á Ítalíu, í Lítháen, Noregi, Rúmeníu, á Spáni og í Svíþjóð. Markmið samstarfsins er m.a. að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.




Tekjur og gjöld 2011


Tekjur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi 2011 voru samtals kr. 77,9 milljónir og heildar rekstrargjöld kr. 90,0 milljónir. 86,4% alls fjármagns kemur frá innlendum styrktaraðilum, 3,2% frá Evrópubandalaginu og 10,4% frá öðrum aðilum. 66,9% allra gjalda eru fjármunir sem fara beint til innlendra og erlendra verkefna á vegum samtakana.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi lagði fram hærri upphæð til verkefna á árinu en tókst að safna fyrir, eða alls kr. 12,1 milljón sem færðar hafa verið af eigin fé samtakanna.

Tekjur



Gjöld



Styrktaraðilar

Barnaheill – Save the Children á Íslandi byggja allt starf sitt á frjálsum framlögum. Samtökin þakka eftirtöldum styrktaraðilum sem studdu starf samtakanna á árinu 2011; framlög þeirra eru ómetanleg.

STYRKTARAÐILAR

Barnaheill – Save the Children á Íslandi byggja allt starf sitt á frjálsum framlögum. Samtökin þakka eftirtöldum styrktaraðilum á árinu 2011. Framlög þeirra eru ómetanleg.

FÉLAGSMENN/HEILLAVINIR

Fjöldi einstaklinga styður starf samtakanna, bæði félagsmenn sem greiða árleg félagsgjöld og heillavinir barna sem styðja innlend og erlend verkefni samtakanna með föstum mánaðarlegum framlögum. Samtals lögðu félagsmenn og heillavinir tæpar 19,8 milljónir króna til starfs samtakanna á árinu 2011.

Stök framlög frá einstaklingum voru kr. 1.200.000.

OPINBER FRAMLÖG

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu á árinu 2011 rekstrarstyrk frá Alþingi að upphæð 6,3 milljónir króna. Frá Reykjavíkurborg fengust framlög að upphæð 500.000 krónur. Velferðarráðuneytið veitti 800.000 króna styrk vegna verkefna í þágu verndar barna gegn ofbeldi. Samtökin fengu framlög frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 13,3 milljónir króna vegna hjálpar- og mannúðarstarfs í Norður-Úganda og 3,5 milljónir vegna Sómalíu. Heildarframlög frá opinberum aðilum voru því tæpar 23,1 milljónir króna.

EVROPUSAMBANDIÐ

Daphne áætlun Evrópusambandsins studdi á árinu rannsókn samtakanna á félagslegum úrræðum og stuðningi við börn í Reykjavík sem eru vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra, með 8,4 milljóna króna framlagi. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Spáni og Ítalíu. Safer Internet áætlun ESB styrkti verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi um tæplega eina milljón króna á árinu 2010. Verkefnið er unnið í samvinnu við SAFT verkefni Heimilis og skóla og Lýðheilsustöð.

JÓLAKORT

Jólaortasala er mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Að þessu sinni lögðu Eggert Pétursson og Þórarinn Eldjárn samtökunum lið við gerð jólakorta samtakanna með því að gefa vinnuna sína. Jólaort voru send til um 8.500 einstaklinga og keyptu tæplega 6.300 kortin. Jólaortin voru einnig til sölu á skrifstofu samtakanna og í fjölda verslana og keyptu fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir jólaort af samtökunum. Heildarsala ársins var rúmar 17,7 milljónir króna.

FYRIRTÆKI

Icelandair Group

Árið 2011 var fyrra ár bakhjarlasamnings Icelandair Group við samtökin. Hann felur í sér 600.000 króna stuðning við starf Barnaheilla. Framlöggin eru í formi flugferða með Icelandair og Flugfélagi Íslands og þjónustu Icelandair hótela. Samningurinn er til ársloka 2012.

IKEA

Í september runnu 30 krónur af hverri kortafærslu viðskiptavina IKEA til samtakanna. Viðskiptavinir gátu greitt fyrir varning sinn í nokkrum færslum og tryggt þannig að 30 krónur rynnu í hvert sinn til mikilvægra verkefna í þágu barna. Í verslun og veitingastað söfnuðust 733.380 krónur. Þrjú þör sem gistu í versluninni söfnuðu samtals 25.421 krónum.

Árlegur mjúkdýraleiðangur IKEA, Barnaheilla – Save the Children og UNICEF var haldinn á árinu. Fyrir hvert mjúkdýr sem keypt var á tímabilinu 1. nóvember til 23. desember gaf IKEA-sjóðurinn sem nemur einni evru til Barnaheilla – Save the Children og UNICEF til að styðja við menntun bágstöðustu barnanna í heiminum. Ríflega 3,6 milljónir króna söfnuðust á Íslandi en þetta er í áttunda sinn sem mjúkdýraleiðangurinn er farinn. Viðskiptavinir IKEA á Íslandi gáfu að auki 500 mjúkdýr í söfnun fyrir börn á Barnaspítala Hringinsins.

Hvíta húsið

Hvíta húsið og Barnaheill – Save the Children á Íslandi unnu í sameiningu að ýmsu kynningarefni á árinu 2011.

Pegasus

Pegasus kvikmyndagerð gaf vinnu við breytingu á auglýsingu um netvarnir og unnu auglýsingu um vernd gegn ofbeldi. Fyrirtækið gaf einnig alla vinnu við gerð myndbands um heimilisofbeldi. Það þótti einstaklega vel heppnað og hafa samtökunum þegar borist fyrirspurnir frá systursamtökum í Svíþjóð og Litháen um leyfi fyrir notkun þess erlendis.

Landsbankinn

Samfélagsstyrkur Landsbankans kr. 1.000.000 í verkefni um vernd barna gegn ofbeldi.

ÖNNUR FRAMLÖG

Norvik

Fyrirtækið Norvik veitti samtökunum styrk að upphæð 300.000 krónur.

Reykjavíkumaraþon

Alls hljóp 38 hlaupari fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi árið 2011. Hlauparamir söfnuðu áheitum að andvirði tæplega 278.000 krónur.

Gledigjafir

Á vefsvæði Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er að finna gledigjafir.is. Þar geta einstaklingar og fyrirtæki keypt svokallaðar gledigjafir og styrkt verkefni samtakanna í þágu barna. Viðtakandi gjafarinnar fær fallegt kort með upplýsingum um andvirði gjafarinnar til Barnaheilla – Save the Children. Færst hefur í vöxt að einstaklingar velji á tímamótum í lífi sínu að beina gjöfum sínum til samtakanna.

Einnig er hægt að styrkja samtökin með kaupum á minningarkortum.

Neýðaraðstoð

Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja studdu hjálparstarf samtakanna í Japan og Sómalíu. Samtals nam stuðningurinn tæplega 1,6 milljónir króna, þar af styrkti veitingastaðurinn suZuzhiis starfið í Japan um 595.000 krónur.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa samtökin með birtingu auglýsinga án endurgjalds, afslætti af þjónustu og vinnuframlagi eða á annan hátt.



Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir

Stjórn

Helgi Ágústsson formaður
 Ásta Ágústsdóttir varaformaður
 Ágúst Þórðarson gjaldkeri
 Bryndís Guðmundsdóttir meðstjórnandi
 Dögg Pálsdóttir meðstjórnandi
 Guðrún Kristinsdóttir meðstjórnandi
 Helga Sverrisdóttir meðstjórnandi
 Tryggvi Helgason varamaður
 Valgeir Þorvaldsson varamaður

Starfsmenn

Fastráðnir

Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri
 Ágúst Þórðarson starfandi framkvæmdastjóri
 nóvember-desember
 Hulda Stefánsdóttir skrifstofustjóri
 Björg Björnsdóttir verkefnastjóri
 Margrét Júlía Rafnisdóttir verkefnastjóri

Í tímabundnum verkefnum

Anna Ingólfssdóttir
 Sigríður Guðlaugsdóttir

Starfsfólk við tímabundna söfnun heillavina

Aníta Ösp Óskarsdóttir
 Diljá Rún Jónsdóttir
 Eydís Helga Árnadóttir
 Nemendur Menntaskólans á Akureyri
 Nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum
 Nemendur Menntaskólans á Ísafirði
 Ólafur Þórðarson
 Ragnhildur Björk Theodórsdóttir
 Sunna Axelsdóttir

Starfsnemar

Laufey Fríða Guðmundsdóttir,
 Háskólanum í Reykjavík
 Íris Arna Geirsdóttir,
 Háskólanum í Reykjavík
 Ragnheiður K. Hjálmarsdóttir,
 Háskólanum í Reykjavík
 Lára Sæmundsdóttir,
 Háskólanum á Bifröst
 Hanna Ragnheiður Ingadóttir,
 Háskólanum á Bifröst

Ræstitæknir

Benný Brynjarsdóttir

Sjálfbóðaliðar

Ásta Ágústsdóttir
 Anna Elísabet Ólafsdóttir

Tölvumenn (sjálfbóðaliðar)

Guðmundur Þór Jóhannsson
 Gustav Helgi Haraldsson

Ungmennaráð

Arnór Gunnar Gunnarsson
 Ásta Kristín Marteinsdóttir
 Diljá Helgadóttir
 Eva Brá Axelsdóttir
 Glódís Perla Viggósdóttir
 Gunnhildur Hjördís Grétarsdóttir
 Harpa Björnsdóttir
 Hulda Margrét Erlingsdóttir
 Ingibjörg Ásta Tómasdóttir
 Ívar Eiðsson
 Jón Þór Sigurleifsson
 Krístrún Halla Gylfadóttir
 Krístrún Sigurðardóttir
 Laufey Rut Guðmundsdóttir
 Steinunn Elva Jónsdóttir
 Særún Erla Baldursdóttir
 Sindri Snær Svanbergsson
 Tómas Oddur Eiríksson

Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2010–2011

Nefndir

Kjörnefnd

Helgi Ágústsson
 Dögg Káradóttir
 Sigurjón Hjartarson

Varamenn

Einar Gylfi Jónsson
 Hrefna Friðriksdóttir

Laganefnd

Helgi Ágústsson
 Dögg Pálsdóttir
 Þórhildur Líndal

Varamenn

Einar Gylfi Jónsson
 Hrefna Friðriksdóttir
 Margrét Sigurðardóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Sigurjón Hjartarson
 Þórður Þorkelsson

Varamenn

Dögg Káradóttir
 Orri Hlöðversson

Fulltrúar í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún Kristinsdóttir
 Petrína Ásgeirsdóttir

Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

Barnaheill á Íslandi vill þakka eftirtöldum aðilum stuðninginn


A4
 Aðföng
 Afríka 20:20
 Ágústa Hrund Steinarsdóttir
 Alcoa Fjarðaál
 Alex Jónsson
 Alexander Petersson
 Álfrún Örnólfsdóttir
 Alþingi
 Anna Ingólfssdóttir
 Anna Kristín Jörundsdóttir
 Anna María Snorradóttir
 Arnaldur Halldórsson
 Ása Björg Tryggvadóttir
 Ásdís Þórhallsdóttir
 Ásdís Thoroddsen
 Ásgerður Edda Langworth
 Ásta R. Jóhannesdóttir
 Auður Ragnarsdóttir
 Austurbæjarskóli
 Berglind Björk Jónsdóttir
 Bernharð Kristinn
 Blómaval
 Byko
 Crymogea
 Dagur Gunnarsson
 Daphne áætlun ESB
 Dikta
 Dominos
 Dögg Káradóttir
 Eggert Pétursson
 Einar Logi Vignisson
 Elín Arnadóttir
 Elín Helga Sveinbjörnsdóttir
 Elísa Jóhannesdóttir
 Emilía Petra Jóhannsdóttir
 Epli.is
 Erna Guðríður Kjartansdóttir
 Flugfélag Íslands
 Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar
 Fríða María
 Friðrik Dór
 Friðrik Pálsson
 Garðheimar
 Gerður Kristný Guðjónsdóttir
 Gísli Þór Ragnarsson
 Gróa Gunnarsdóttir
 Guðbjörg Árnadóttir
 Guðrún Gísladóttir
 Gunnlaug Jakobsdóttir
 Hagkaup
 Hálfðán Theóðórssen
 Halldór Birgir Bergþórsson
 Hamborgarafabrikkan
 Hanna María Kristjónsdóttir
 Harpa Rut Hilmarsdóttir

Heiða B. Heiðarsdóttir
 Heilsugæslan Mosfellsbæ
 Helgi Ágústsson
 Hlynur Klemenzson
 Hrólfur Jónsson
 Hulda Guðrún Gunnarsdóttir
 Hvíta Húsið
 Icelandair hótel
 Icelandair Group
 Íslandspóstur
 Icepharma
 Iða
 IKEA
 Innanríkisráðuneytið
 Ísaga
 Íslandspóstur
 Jakob Halldórsson
 Jóhann SD Christiansen
 Jóhanna Björk Magnúsdóttir
 Jónas Hjartarson
 Jónína G. Óskarsdóttir
 Jónína Hulda Gunnlaugsdóttir
 Julia Meixner
 Karl M. Kristjánsson
 Karl Sigurðsson
 Karl Th. Birgisson
 Karólína Guðjónsdóttir
 Katrín Jakobsdóttir
 Katrín Jónsdóttir
 Kaupás
 Kolbrún Vigfúsdóttir
 Kortabjónustan
 Kristjana Sigmundsdóttir
 Laufey Ólafsdóttir
 Laugarnesskóli
 Lech Pajdak
 Leikskólinn Furuborg
 Leikskólinn Hálsakot
 Leikskólinn Hamrar
 Leikskólinn Hólaborg
 Leikskólinn Jöklaborg
 Leikskólinn Klambrar
 Leikskólinn Seljaborg
 Leikskólinn Seljakot
 Leikskólinn Sölborg
 Lilja Dögg Jónsdóttir
 Litla jólabúðin
 Lýsi
 Magni Ásgeirsson
 Mál og menning
 Margrét Björg Agnarsdóttir
 Margrét Guðjónsdóttir
 Matthea Guðný Ólafsdóttir
 mbl.is
 Meba
 Miðlun

N1
 Nanna Kolbrún Sigurðardóttir
 Norvik
 Nova
 Ólafur Þórðarson
 Páll Stefánsson
 Pegasus
 Penninn/Eymundsson
 Pétur Jóhannesson
 Prentmet
 Reitir
 Reykjavíkurborg
 Safer Internet áætlun ESB
 Samfélagssjóður Landsbankans
 Sandra Kuehnappel
 Sena
 Sérsvaitin
 SÍF
 Sif Sigfúsdóttir
 Sigríður Guðlaugsdóttir
 Sigrún Ásgeirsdóttir
 Sigrún Gylfadóttir
 Sigrún Kristín Barkardóttir
 Sigurbjörg Guttormsdóttir
 Sigurður Gröndal
 Síminn
 Sjálfbóðaliðar Barnaheilla
 Skapalón
 Skúli Andrésen
 Snælandsskóli
 Steef van Oosterhout
 Stefán B. Önundarson
 Steingrímur Ólafsson
 Steinn Þórarinnsson
 Stella Guðmundsdóttir
 Svanbjörg Pálsdóttir
 Sverrir Ólafsson
 Þjóðmenningarhúsið
 Þórarinn Eldjárn
 TM sofware
 Tónskóli Sigursveins
 Ungmennaráð Barnaheilla
 Unnur Þormóðsdóttir
 Utanríkisráðuneytið
 Vakt dreifing hjá Póstinum
 Vátryggingafélag Íslands
 Velferðarráðuneytið
 Vigdís Finnbogadóttir
 Vinnumálastofnun
 Ölgerðin



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Alþjóðasamtökin Save the Children International
starfa í yfir 120 löndum – sjá brúnu væðin á kortinu.